

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Höfðahreppi, Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Höfðahreppi, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.****I. Einstakir aðgöngumiðar.**

Fullorðnir, klefar	kr.	14.00
— skápar	—	11.00
Börn	—	4.00

II. Afsláttarmiðar.

Fullorðnir, klefar, 10 miðar	kr.	90.00
— — 20 —	—	170.00
— skápar, 10 —	—	85.00
— — 20 —	—	150.00
Börn — 10 —	—	30.00
— — 20 —	—	50.00

III. Sundnámskeið.

Fullorðnir	kr. 250.00
Börn	— 150.00

IV. Leiga.

Sundskýla	kr. 9.00
Sundbolur	— 10.00
Handklæði	— 9.00
Geymsluhólf (þvottur á sundfötum og handklæðum)	— 90.00

V. Gufuböð.

Einstök skipti, 60 mín.	kr. 35.00
------------------------------	-----------

VI. Íþróttafélög.

Félagar, 16 ára og eldri	kr. 6.00	hvert skipti.
— yngri en 16 ára	— 2.50	— —

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari eru úr gildi felldar gjaldskrár nr. 231/1963, nr. 232/1963 og nr. 233/1963.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

15. janúar 1966.

Nr. 15.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 237 30. desember 1963, sbr. auglýsingu um sama efni nr. 271 20. desember 1964.

1. gr.

7. gr. gjaldskrárinnar breytist þannig:

1. tl. Í stað	kr. 4.51	komi	kr. 5.11
2. — - —	— 619.95	—	— 703.00
3. — - —	— 1.19	—	— 1.35
3. — - —	— 619.95	—	— 703.00
3. — - —	— 19.16	—	— 21.72
4. — - —	— 128.50	—	— 145.65
4. — - —	— 1.19	—	— 1.35
4. — - —	— 77.78	—	— 88.16

2. gr.

8. gr. breytist þannig:

1. tl. Í stað	kr. 1.13	komi	kr. 1.28
2. — - —	— 0.98	—	— 1.11
2. — - —	— 94.68	—	— 107.40
3. — - —	— 3 350.00	—	— 3 797.00
3. — - —	— 0.92	—	— 1.04
4. — - —	— 0.85	—	— 0.96